



Stúdentaráð Háskóla Íslands

# Fjárhagsleg réttindi foreldra í námi

Síðast uppfært: 15.05.2022

## I. Fæðingarorlof

Fæðingarorlof er ætlað þeim sem starfa á íslenskum vinnumarkaði. Foreldri þarf að hafa verið samfelld á vinnumarkaði í a.m.k. 25% starfi<sup>1</sup> í 6 mánuði fyrir fæðingu barns.

*“Til að öðlast rétt til greiðslna úr Fæðingarorlofssjóði þarf foreldri að hafa verið í a.m.k. 25% samfelldu starfi í 6 mánuði á innlendum vinnumarkaði fyrir fæðingardag barns eða þann tíma þegar barn kemur inn á heimili við frumættleiðingu eða varanlegt fóstur.”* - Sótt af [heimasíðu Vinnuálastofnunar](#).

Við útreikning á fæðingarorlofsgreiðslum er litið til launa yfir 12 mánaða samfelld tímabil sem lýkur 6 mánuðum fyrir fæðingarmánuð barns. Foreldrar sem hafa verið í meira en 10 ECTS námi og meira en 25% vinnu (og eiga því rétt á fæðingarorlofi) geta átt rétt á því að fá mánuði undanskilda við útreikning til þess að hækka greiðslur.

Fæðingarorlofsgreiðslur eru 80% af heildarlaunum á viðmiðunartímabili, að hámarki 600.000 kr/mán. Tekjulágum er jafnframt tryggð lágmarksgreiðsla.

	Lágmarksgreiðsla	Hámarksgreiðsla
25-49% starf	143.963 kr/mán	600.000 kr/mán
50-100% starf	199.522 kr/mán	600.000 kr/mán

Tafla 1: Lágmarks- og hámarksgreiðslur í fæðingarorlofi fyrir börn fædd<sup>2</sup> 2022

<sup>1</sup> M.v. að fullt starf sé 172 klst/mán miðast 25% starf almennt við 43 klst/mán. Þó er tekið tillit til fjölda vinnustunda sem kveðið er á um í kjarasamningum.

<sup>2</sup> Á einnig við um börn sem eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 2022.

Sé litið á fullt nám sem fullt starf gefur auga leið að námsmenn eigi jafnan ekki rétt á fæðingarorlofi þar sem sumarið, þ.e. sá tími sem stúdentar eru að jafnaði ekki í námi heldur á vinnumarkaði, er aðeins um 3 mánuðir. Þeir námsmenn sem vinna meðfram námi þurfa að hafa unnið a.m.k. 25% starf samfellt í 6 mánuði til þess að eiga rétt á greiðslum úr fæðingarorlofssjóði.

#### **SAMANTEKT**

- Til þess að eiga rétt á fæðingarorlofsgreiðslum þarf að hafa verið í a.m.k. 25% starfi samfellt í 6 mánuði fyrir fæðingu barns.
- Upphæð miðast við laun síðustu 12 mánaða fyrir fæðingu barns. Námsmaður sem hefur verið í a.m.k. 10 ECTS námi getur átt rétt á að fá mánuði undanskilda við útreining til þess að hækka fæðingarorlofsgreiðslur.

## II. Fæðingarstyrkur námsmanna

Til þess að koma til móts við þetta hafa námsmenn í fullu námi<sup>3</sup> rétt á fæðingarstyrk. Fullt nám er skilgreint sem 75-100% samfellt nám sem þýðir að námsmaður þarf að ljúka 22,5 - 30 ECTS/önn og námið þarf að hafa staðið yfir í a.m.k. 6 af síðustu 12 mánuðum.

*“Foreldri sem uppfyllir skilyrði um fullt nám öðlast rétt til fæðingarstyrks. Hafi foreldri unnið launuð störf í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði samhliða námi síðustu 6 mánuðina fyrir fæðingu barns, frumættleiðingu eða varanlegt fóstur er foreldrið hvatt til þess að kanna hjá starfsfólki Fæðingarorlofssjóðs hvort það komi betur út fyrir sig að sækja um greiðslur sem foreldri á vinnumarkaði“.*

- sótt af [heimasiðu Vinnuálastofnunar](#)

Upphæð fæðingarstyrks námsmanna fyrir börn fædd<sup>4</sup> árið 2022 eru 199.522 kr/mán<sup>5</sup>. Sé það borið saman við fæðingarorlofsgreiðslur, sem eru 80% af tekjum, þá myndi fæðingarstyrkur námsmanna vera jafn hár og fæðingarorlofsgreiðslur einstaklings með heildartekjur upp á 249.402 kr/mán.

Í því samhengi er vert að benda á að lægstu byrjunarlaun í kjarasamningum Eflingar við almenna vinnumarkaðinn<sup>6</sup> eru 356.735 kr/mán fyrir árið 2022. Launafólk í fullu starfi ættu því að fá minnst 285.388 kr í fæðingarorlofsgreiðslur, sem er 85.866 kr hærri upphæð en fæðingarstyrkur námsmanna.

Jafnframt er þeim sem eru í 50-100% starfi tryggð lágmarksframfærsla sem er jafnhá og fæðingarstyrkur námsmanna. Einstaklingar á vinnumarkaði í 50% starfi eiga því rétt á jafnháum greiðslum og námsmenn í 75-100% námi.

Mikilvægt er að halda því til haga að vænt framtíðarvinnuframlag stúdenta mun greiða til baka allt það fé sem fæðingarorlofssjóður lætur þeim í té og gott betur. Þannig kann að þykja óréttlátt að letja ungt fólk til barneigna meðan á námi stendur, sér í lagi í ljósi lækkandi fæðingartíðni á Íslandi síðastliðna áratugi.

Sérstök áhætta er til staðar við fæðingu barns á ákveðnum tímum árs. Þar eð nám er að jafnaði skipulagt í önnum eða árum getur fæðing valdið því að stúdent fellur á milli kerfa. Geri stúdent hlé á námi sínu í þá sex mánuði sem fæðingarorlof er almennt talið standa yfir fær hann áfram fæðingarstyrk námsmanna en missir að líkindum talsverðan hluta framfærslu

<sup>3</sup> Fullt nám telst vera 75-100% samfellt nám, verklegt eða bóklegt, í viðurkenndri menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á Íslandi sem stendur yfir í a.m.k. 6 mánuði. Enn fremur er átt við 75-100% nám á háskólastigi og annað nám sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Einstök námskeið teljast ekki til náms.

<sup>4</sup> Á einnig við um börn sem eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 2022.

<sup>5</sup> Ath. að fæðingarstyrkur námsmanna er skattskyldur

<sup>6</sup> [Kjarasamningur Eflingar og SA 2019](#).

sinnar frá Menntasjóði námsmanna. Enginn fjárhagslegur stuðningur er til staðar í opinbera kerfinu til að brúa bilið milli töku fæðingarstyrks fram að næstu skipulögðu námsönn þar á eftir í þeim tilfellum.

Þá ber að hafa í huga að þar eð nám er að jafnaði skipulagt í önnum (eða jafnvel árum) getur fæðing barns lent þannig að ef stúdent vill taka 6 mánaða orlof eftir fæðingu þá þurfi hann í raun að taka tvær annir í pásu en fær bara fæðingarstyrk í 6 mánuði. Enginn fjárhagslegur stuðningur er til staðar til að koma til móts við þessa stöðu.

### **SAMANTEKT**

- Til þess að eiga rétt á fæðingarstyrki námsmanna þarf að hafa verið í a.m.k. 75% námi (a.m.k. 22,5 ECTS) í 6 af 12 mánuði fyrir fæðingu.
- Fæðingarstyrkur námsmanna er skattskyldur.
  - Fæðingarstyrkur er því talinn með til skerðingar á námslánnum séu heildartekjur umfram frítekjumark Menntasjóðs námsmanna
- Sé stúdent í 50% starfshlutfalli eða meira borgar sig alltaf að sækja um fæðingarorlof frekar en fæðingarstyrk námsmanna þar sem lágmarksgreiðslur í því tilviki eru aldrei lægri en upphæð styrksins.
  - Lágmarksgreiðsla fyrir launafólk í 50-100% starfi er sú sama og fæðingarstyrkur námsmanna í fullu námi (75-100% nám)
- Enginn fjárhagslegur stuðningur er til staðar í opinbera kerfinu til að brúa bilið milli töku fæðingarstyrks fram að næstu skipulögðu námsönn þar á eftir.
- Ekki er hægt að fá bæði fæðingarorlof og fæðingarstyrk námsmanna.

### III. Barnabætur

Almennt eiga einstaklingar sem hafa barn á sínu framfæri<sup>7</sup> rétt á barnabótum, séu þeir skattskyldir<sup>8</sup> á Íslandi. Barnabætur eru greiddar sjálfkrafa og því er ekki þörf á að sækja um þær sérstaklega<sup>9</sup>. Barnabætur eru ekki skattskyldar.

Barnabætur skiptast jafnt á milli hjóna og sambúðarfólks. Einstætt foreldri fær óskiptar barnabætur og greiðsla til foreldra sem fara með sameiginlega forsjá fer eftir því hvernig foreldrar haga framfærslu barnsins og búsetu þess. Barnabætur eru greiddar út fjórum sinnum á ári og er upphæð þeirra skv. töflu 2.

Hjón og sambúðarfólk	Upphæð á ári
með fyrsta barni	248.000 kr
með hverju barni umfram eitt	295.000 kr
<b>Einstæðir foreldrar</b>	
með fyrsta barni	413.000 kr
með hverju barni umfram eitt	423.000 kr
<b>Viðbót</b>	
með hverju barni yngra en 7 ára	148.000 kr

Tafla 2: Upphæð barnabóta 2022

Barnabætur eru tekjutengdar og er miðað við tekjur síðasta árs, að meðtöldum fjármagnstekjum og tekjum erlendis. Miðað er við samanlagðar tekjur skv. skattframtölum forsjáraðila sem eru skráðir í hjónaband eða sambúð en eingöngu tekjur þess foreldris sem er með barnið í sinni umsjá ef um er að ræða einstætt foreldri. Þær upphæðir sem barnabætur skerðast við, auk skerðingarhlutfalla, má sjá í töflu 3.

<sup>7</sup> Nánari upplýsingar um hver telst framfærandi barns má finna [hér](#) undir “Framfærendur barna”.

<sup>8</sup> Aðila með almenna skattskyldu á Íslandi ber að greiða skatt á Íslandi af öllum tekjum óháð því hvar þeirra er aflað í heiminum og öllum eignum óháð staðsetningu. Ath. að það sama á við um þau sem hafa flutt lögheimili vegna náms erlendis, svo sem skiptinemar, og hafa skráða um skattalegri heimilisfesti á Íslandi.

<sup>9</sup> Ath: Á ekki við ef börn eru ekki með varanlega heimilisfesti á Íslandi, t.d. börn skiptinema. Þá þarf að sækja sérstaklega um en rétturinn er sá sami ef barnið er á framfæri ríkisborgara frá ríki innan EES.

Tekjustofn		Fjöldi barna		
<i>Hjón og sambúðarfólk</i>	<i>Einstæð foreldri</i>	<i>Eitt</i>	<i>Tvö</i>	<i>Þrjú +</i>
9.098.000 kr - 12.320.000 kr	4.549.000 kr - 6.160.000 kr	4%	6%	8%
12.320.000 kr +	6.160.000 kr +	5,5%	7,5%	9,5%

Tafla 3: Skerðingarhlutföll barnabóta 2022

### SAMANTEKT

- Barnabætur eru greiddar út sjálfkrafa og því þarf ekki að sækja sérstaklega um þær.
- Stúdentar sem eru skattskyldir á Íslandi eiga rétt á barnabótum séu þeir undir tekjuviðmiðum.
- Námsmaður með árstekjur í kringum frítekjumark<sup>10</sup> í úthlutunarreglum Menntasjóðs námsmanna fær því óskertar barnabætur.

<sup>10</sup> Frítekjumark skólaársins 2022-2023 er 1.483.000 kr/ári

## IV. Menntasjóður námsmanna

### Barnastyrkur

Námsmaður með barn á sínu framfæri<sup>11</sup>, sem lýkur lágmarks námsárangri<sup>12</sup> og þiggur námslán frá Menntasjóði námsmanna á rétt á barnastyrk. Upphæð styrksins fyrir skólaárið 2022-2023 er 182.250 kr/önn<sup>13</sup>. Ef lántaki lýkur ekki lágmarks námsárangri er veittum barnastyrk breytt í lán.

#### **15. gr. Styrkur vegna framfærslu barna.**

Lánþegi sem þiggur námslán samkvæmt lögum þessum skal fá styrk til framfærslu barns sem nemur einföldum barnalífeyri á mánuði að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

1. Lánþegi uppfyllir lágmarksnámsframvindukröfur skv. 13. gr. eða fellur undir undanþágur skv. 2. mgr. 13. gr.

2. Lánþegi fer með forsjá barns eða lánþegi er meðlagsskyldur.

Styrkur hvers lánþega vegna framfærslu barns er veittur í samræmi við lánsrétt lánþega og eingöngu í þeim mánuðum sem nám er stundað.

Uppfylli lánþegi ekki kröfur þessarar greinar er sjóðstjórn heimilt að breyta veittum styrk í lán með þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í 17. og 20. gr.

Úr [lögum nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna](#)

### Undanþágur á námsframvindukröfum vegna barneigna

Skv. 2. mgr. 13. gr [laga um Menntasjóð námsmanna](#) er kveðið á um að veita megi undanþágu frá lágmarksnámsframvindukröfum, m.a. vegna barneigna. Í [úthlutunarreglum 2022-23](#) er kveðið á um að foreldrar eigi samanlagt 16 ECTS-eininga undanþágu vegna barneigna sem nota megi þar til barnið verður 12 mánaða. Móðir getur átt rétt á auknu svigrúmi fyrir fæðingu vegna veikinda. Til þess að eiga rétt á þessum undanþágum þarf fullnægjandi námsárangur í lánshæfu námi á einu misseri síðustu 12 mánuði að liggja fyrir eða námsmaður að skila fullum námsárangri á næsta misseri eftir að undanþágan er notuð<sup>14</sup>.

Þetta þýðir að samanlagt hafa foreldrar svigrúm til 16 ECTS eininga í ár eftir fæðingu. Foreldrar geta þannig t.d. tekið sitt hvora önnina í hálfu námi án þess að lánið falli niður (fá þau þá 75% af fullu láni hjá sjóðnum hvort um sig eða lán fyrir 22 af 30 einingum). Foreldrarnir velja hvort bæði minnka við sig fyrstu mánuðina eftir fæðingu barns, annað foreldri hægir á námi sínu í heilt ár eða hvort tímabilinu er skipt jafnt á námsferil beggja

<sup>11</sup> Skilyrði er að námsmaður fari með forsjá barns eða greiði meðlag með barni.

<sup>12</sup> Lágmarks námsárangur í úthlutunarreglum Menntasjóðsins 2021-2022 eru 22 ECTS/önn.

<sup>13</sup> Séu báðir forráðamenn í námi og uppfylli skilyrðin eiga þeir báðir rétt á barnastyrk. Hámarksstyrkur fyrir hvert barn er því 331.200 kr/önn fyrir námsárið 2021-22.

<sup>14</sup> Sjá grein 3.4.4. um undanþágur vegna barneigna í úthlutunarreglum Menntasjóðsins 2021-22.

foreldra. Þar eð enn þarf að ná lágmarksnámsframvindu er ekki hægt að fara niður í minna en 6 ECTS í eina önn til þess að eiga rétt á undanþágu. Því má segja að hér sé um að ræða hliðstæðu fæðingarorlofs á almennum vinnumarkaði nema einungis er heimilt að fara niður í 50% starf í heilt ár eða 25% í hálfu ár. Þeir foreldrar sem nýta sér undanþáguna geta þó aldrei fengið hærra lán en það sem samsvarar láni 22 ECTS sem þýðir að þeir geta aldrei fengið fulla framfærslu á sama tíma og undanþágan er nýtt.

Rétt er að hafa í huga að alveg er litið framhjá þeirri staðreynd að börn komast ekki inn á leikskóla eins árs og mörg eru oft veik heima fyrsta árið sem gerir það nánast ómögulegt að vera í fullu námi, sér í lagi fyrir þau sem hafa ekki sterkt bakland. Hér má nefna námsmenn af landsbyggðinni, erlenda nema og námsmenn erlendis sem búa fjarri fjölskyldu. Námsmenn með börn eiga ekki rétt á veikindadögum, hvorki fyrir sig né vegna barna, líkt og launafólk. Þessi undanþága tekur því aðeins tillit til foreldra í námi fyrsta árið eftir fæðingu.

### **Áhrif barneigna á námsstyrk við námslok**

Námsstyrkur í núverandi lánasjóðskerfi er þannig útfærður að ljúki lántaki námi innan tilskilins tíma er 30% af höfuðstól lánsins felldur niður. Skv. 3. mgr. 14. gr. laga um Menntasjóð námsmanna er svigrúmið til seinkunar í námi án þess að réttur þeirra til námsstyrks skerðist eftirfarandi:

1. *Eitt ár umfram þann tíma sem skipulag iðn-, starfs- og aðfaranám kveður á um.*
2. *Eitt ár umfram þann tíma sem skipulag grunn- og framhaldsnám kveður á um.*
3. *Sex mánuðir umfram þann tíma sem skipulag diplómanáms kveður á um.*
4. *Tvö ár umfram þann tíma sem skipulag doktorsnáms kveður á um.*

Undanþágur frá námsframvindu framlengja þann tíma sem námsfólk hefur til að ljúka námi til að geta fengið hluta lánsins felldan niður og þannig komið til móts við fólk vegna t.d. barneigna. Þannig bætist ein önn við þann tíma sem foreldrar hafa til að ljúka námi fyrir hverja önn sem undanþágan er nýtt.

Framlenging fæst þó aðeins fyrir annir þar sem námsmenn taka námslán (og nýta undanþáguna). Þannig framlengist svigrúmið ekki ef foreldrar taka fæðingarorlof. Þannig hefur námsmaður í 120 ECTS meistaranámi 3 ár til þess að ljúka námi og fá niðurfellingu en foreldri sem kys að taka sér orlof í 6 mánuði aðeins 2,5 ár. Hafa ber í hug að nám er skipulagt í önnum (jafnvel árum) og sá tími sem orlofið varir er því háð því hvenær árs barnið fæðist. Ef barn fæðist t.d. í nóvember eru töluverðar líkur á að stúdentinn geti ekki lokið desemberprófum, þar með er haustönnin farin í vaskinn. Stúdentinn tekur 6 mánaða orlof, frá nóvember til apríl. Þá getur stúdentinn ekki stundað nám á vorönn. Þessi stúdent hefur því tekið tvær annir í námshlé, í skilningi laganna og er þ.a.l. búinn að missa allt svigrúm til seinkunar á námi til að hljóta námsstyrk. Stúdent í diplómanámi missir svigrúmið um leið og hann tekur sér orlof, þ.e. svigrúm hans til seinkunnar í námi eru aðeins 6 mánuðir.

### **SAMANTEKT**



- Foreldrar í námi deila 16 ECTS svigrúmi vegna barneigna sem hægt er að nýta í 12 mánuði eftir fæðingu.
  - Möguleiki er á auknu svigrúmi fyrir móður vegna veikinda á meðgöngu.
  - Aðeins er lánað fyrir að hámarki því sem samsvarar 22 ECTS, sem er tæplega 75% af fullri framfærslu.
- Til að fá 40% niðurfellingu höfuðstóls námsláns þurfa stúdentar að ljúka námi innan þess svigrúms sem gefið er miðað við skipulag náms síns (eitt ár fyrir grunn- og framhaldsnám).
  - Svigrúmið framlengist um eina önn fyrir hverja önn sem undanþága frá námsframvindukröfum er samþykkt.
  - Það eykst ekki ef foreldrar í námi gera hlé á námi sínu vegna fæðingarorlofs.
  - Fæðing getur fallið þannig að ef stúdent tekur fæðingarorlof verður hann að nýta allt svigrúm sitt til að ljúka námi.